

**20** Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Dalvíkurhrepps samkvæmt lögum  
17. febr. nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

**21**

4. marz

## AUGLÝSING

um breytingu á fyrirmælum um aðalbrautir og umferð af öðrum vegum inn á þær, nr. 68 3. apríl 1950.

4. töluliður 1. gr. orðist svo:

*Flugvallarvegur* á Keflavíkurflugvelli frá vegamótum Hafnavegar að gisti-húsinu og þaðan áfram gegnum aðalíbúðarhverfið að mótuneyti starfsmanna vallarins.

Breyting þessi, sem gerð er með heimild í 7. gr. umferðalaga, nr. 24 16. júní 1941, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 4. marz 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

**22**

3. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð dr. phil. Ólafs Daniéls-sonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 3. marz 1954.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð dr. phil. Ólafs Daniélssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Verðlaunasjóður dr. phil. Ólafs Daniélssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts“ og er stofnaður árið 1954 af Svanhildi Ólafsdóttur Daniélssonar, konu Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er hálf húseignin Hagamelur 21 í Reykjavík (með þeim kvöðum, sem á eigninni hvíla), en ágóða af eigninni skal verja samkvæmt tilgangi sjóðsins, sbr. 3. gr. a—c.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

a. Að verðlauna íslenzkan stærðfræðing, stjórnufræðing eða eðlisfræðing. Skal verðlaununum úthlutað án umsókna og í fyrsta sinn 31. okt. 1955, á 78 ára